

Gísli Þór Axelsson  
tók doktorspróf frá  
Háskóla Íslands 20.  
september síðast-  
liðinn. Mynd / Krist-  
inn Ingvarsson



## Doktorsvörn frá Háskóla Íslands: Gísli Þór Axelsson

Gísli Þór Axelsson varði doktorsritgerð sína í læknávisindum við læknadeild Háskóla Íslands 30. september 2022. Ritgerðin ber heitið **Millivefslungna-breytingar og öldrunartengdir þættir**

Andmælendur voru Gísli Jenkins, rannsóknarprófessor við National Heart and Lung Institute, Imperial College London, og Timothy Blackwell prófessor við Division of Allergy, Pulmonary and Critical Care Medicine, Vanderbilt University í Nashville, Tennessee. Umsjónarkennari og leiðbeinandi var Gunnar Guðmundsson prófessor og með-leiðbeinandi var Thor Aspelund prófessor,

báðir við læknadeild HÍ. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Gary Matthew Hunninghake, dósent við Harvard Medical School, og Vilmundur Guðnason prófessor.

### Úr ágrípinu

Niðurstöðurnar sýna fram á tengsl millivefslungnabreytinga við ýmsa öldrunartengda þætti og klínískar útkomur. Til viðbótar benda niðurstöður til margra próteina sem nýrra lífvísa breytinganna í blóði, en sum þeirra hafa þekkt tengsl við öldrun. Í heild auka niðurstöðurnar þekkingu á líffræðilegum eiginleikum

og faraldsfræðilegri áhættu fólks með myndgreiningarbreytingar sem bent gætu til snemmbúinnar lungnatrefjunar.

### Doktorinn

Gísli Þór fæddist á Selfossi og lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hann lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 2020 og samhliða doktorsnáminu hóf hann sérnám í almennum lyflækningum við Landspítala.

## Hvað segir nýdoktorinn?

### Af hverju vildir þú verða læknir?

Það er merkilega erfitt að svara þessari spurningu. Ætli það hafi ekki verið einhver samblanda af áhuga á fræðunum og því að vilja gera eitthvað gagn.

### Hversu erfitt er að verða doktor á skalanum 1-10?

Mjög misjafnt eftir því hvernig gengur þá stundina. Stundum svona 5-6, stundum 9.

### Hvað yrði þitt fyrsta verk sem heilbrigðisráðherra?

Vonandi verð ég aldrei heilbrigðisráðherra. En heilt yfir held ég að það sé mikilvægt að það þeir hvatar sem innbyggjast í öll kerfi auki skilvirkni, en dragi ekki úr henni.

### Hvaða bók, þættir, músík, líkamsrækt er best?

Ég hef lesið allt of lítið mér til skemmtunar síðustu árin. Ég held samt að ég geti mælt með bókinni *Factfulness* fyrir alla – enda fjallar hún um að byggja skoðanir sínar á gögnum. Núna er ég að horfa á *Kominsky Method* á Netflix sem eru fínasta afþreying. Ég er gömul sál þegar kemur að tónlist. Gamalt rokk er gott, Pink Floyd er best. Besta líkamsræktin er körfubolti með strákunum úr læknadeildinni.

### Hvað er skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í vinnunni?

Að stunda útivist. Helst að labba á fjöll eða veifa flugustöng. Yfir veturinn hef ég gaman af því að horfa á íþróttir.